

Ed. 429. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. marz.)

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 3. mgr. 27. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:
Dómsmálaráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum þeim, sem greinir í 1. málslíð, ef sérstaklega stendur á og um ræðir akstur á skólabörnum í sveitum, þegar skólanefnd hefur skipulagt slíkan akstur. Undanþágan gildir til eins árs í senn, bundin við 20 ára lágmarksaldur ökumanns, og verður því aðeins veitt, að áður hafi verið leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og bifreiðaeftirlits.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.